

lags á að greiða áfrýjandanum J. V. Havsteen 618 kr. 09 auro. Málskostnaður fyrir undir-  
rjetti og yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna  
frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 9. aprílmán.

Nr. 6/1888:

Rjettvísín  
gegn  
Jóni Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Reykjavíkurkaupstaðar, gengnum 4. dag febrúarmán. þ. á., var hinn ákærði, Jón snikkari Jónsson, dæmdur fyrir þjófnað og tilraun til að drýgja þjófnað til að sæta betrunarhússvinnu í 15 mánuði, til að greiða iðgjöld Eiríki Jóhannssyni — í undirrjettardóminum er hann nefndur Jóhannesson — 2 kr., og Matthías Matthíassyni 1 kr., svo og til að greiða allan af sökinni og gæzlu varðhaldi sínu leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, Jóns Jónssonar, er styðst við aðrar þær skýrslur, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hann á síðastliðnu hausti og í byrjun vetrar 1887 hefur stolið þeim munum, er nú skulu greindir:

1. 22 bordum 6 álna löngum — voru 18 þeirra hefluð, en 4 óhefluð — úr læstu húsi timbur-sala Christjansens hjer í bænum, er enginn bjó

- í; borð þessi tók hann í 2 skipti, og náði þeim með því móti, að hann með handaffli kippti burtu fjöllum, er negldar voru fyrir kjallaraglugga á nefndu geymsluhúsi, og fór síðan inn um gluggann inn í húsið.
2. Frá sama timburkaupmanni stal ákærði enn fremur plankastúf rúmlega 3 álna löngum, er lá nálægt áðurnefndu geymsluhúsi.
  3. Á umgirtu svæði milli geymsluhúsa Thomsens kaupmanns hjer í bænum stal ákærði kvartili með sýru, er Magnús Stephensen í Viðey átti, og kassa með kæfu í, er Eiríkur Jóhannsson á Helgastöðum á Skeiðum átti; þetta hvortveggja tók ákærði í sama skiptið; dyrnar voru þá opnar og fór ákærði inn um þær.
  4. Í annað skipti stal hann úr sama umgirta svæði — og var því þá læst — hálfu kýrskinni. Komst hann þannig inn, að hann steig upp á borðabunka, er lá við girðinguna, og síðan upp á kjálka á stiga, er hjekk þar á girðingunni utanverðri, og fór síðan yfir girðinguna. Húðin var spítt í heilu lagi á geymsluhúsvegg þar í portinu. Ákærði risti húðina sundur í miðju, og tók annan helminginn, en skildi hinn eptir; húðina átti verzlunarþjónn Matthías Matthíasson. Í þetta skipti tók ákærði og 5 sex-álna-borð á sama stað í þjófsskyni, og kom þeim út úr portinu, en skildi þau þar eptir, af því að hann þorði ekki að bera þau burtu.
  5. Þá tók hinn ákærði á stakkstæði kaupmanns N. Zímsens hjer í bænum hjer um bil 40 potta af steinolíu með þeim hætti, að hann boraði



gat á steinolíutunnu er þar lá, og sem kanpmaður Choghill átti.

Loks hefur ákærði stolið 10—20 tveggja og þriggja þumlunga saum frá Sveini snikkara Jónssyni.

Alls hafa hinir stolnu munir verið virtir á 39 kr. 57 aur., og hefur meira parti þeirra verið skilað rjettum hlutaðeigendum aptur. Ákærði hefur aðeins hagnýtt sjer part af 1 hefluðu borði, rúmt fet af plankastúfnum, nálægt 5 potta af steinolíunni, 3—4 potta af sýrunni, — fyrir þessa muni, svo og naglana, hafa hlutaðeigendur fráfallið endurgjaldi—, af húðinni tvenn skæði, er eigandinn hefur krafizt endurgjalds fyrir með 1 kr., og loks nokkuð af kæfunni, er eigandinn hefur heimtað sjer endurgjaldið, og hefur það verið metið 2 kr.—Þau 5 borð, er hann tók úr porti Thomsens kaupmanns, en skildi eptir, hafa verið virt 5 kr.

Þessi afbrot ákærða, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, eru með rjettu af undirdómaranum heimfærð undir 231., 230. og 46. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann samkvæmt þessum lagastöðum hefur til unnið, hæfilega ákveðin 1 (eins) árs betrunarhússvinna. Yfirdómurinn fellst á ákvæði hjeradsdómsins að því til iðgjalda og skaðabóta kemur. Hinum ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svara­manns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lög­mæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað, þó þannig að hegning ákærða Jóns Jónssonar færist niður í 12 mánaða betrunarhússvinnu. Hinum ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 11/1888.

Rjettvisin

gegn

Jóhannesi Pálssyni,  
Guðmundi Pálssyni og  
Elisabetu Snorradóttur.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 16. dag febrúarmán. þ. á., voru hinir ákærðu, Jóhannes Pálsson og Guðmundur Pálsson, dæmdir fyrir að hafa lagt eld í hús nefnds Jóhannesar Pálssonar hjer í bænum, Jóhannes til tveggja ára, en Guðmundur til eins árs betrunarhússvinnu, og Elisabet Snorradóttir, kona Jóhannesar, fyrir að hafa verið í ráðum og undirbúningi með þeim að þessu verki, til að sæta fangelsi við vatn og braud í 4×5 daga. Svo voru hin ákærðu og dæmd til að